

Stjórnarfundur nr. 7

12. október 2011 kl.16:30 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Auður Sif Sigurgeirsdóttir boðaði forföll.

1. Stjórn Vinnuhundadeildar mætti kl.18:00. Dagbjört, Sara, Heiðrún og Lovísa.

Farið var yfir nýtt uppfært bronspróf frá NKK sem Monika Karlsdóttir var búin að þýða. Prófið mjög líkt því sem nú þegar er til, örlítill breyting. Búið er að taka út æfinguna taumganga án taums og setja meira vægi á tvær æfingar þ.e. innkall og heildarmat. Nú eru 30 stig í heildarmati en var áður 10 þar sem huglægt mat dómara er mjög hátt. Laus á hæl, er tekin inn í heildarmatið. Samþykkt að nota gamla prófið og leggja meiri áherslu á það sem þegar vantar inn í prófin þ.e. að þýða hlýðni II og III þar sem ekkert er til um þau próf. Vinnuhundadeild óskaði eftir að fá að bjóða upp á undirbúningspróf, sem var samþykkt og mun deildin sjálf sjá um skráningu á þau próf. Samþykkt að hafa þátttökuborða en sleppa einu viðurkenningarblaði sem alltaf hefur verið fyllt út. Vinnuhundadeild verður í sambandi við skrifstofu vegna þeirra breytinga. Rætt var um nauðsyn þess að þýða sporareglur og er stjórn vinnuhundadeildar að vinna að því. Stjórn HRFÍ hvatti stjórn Vinnuhundadeildar að fara af stað með hóp sem gæti þjálfað sig í að verða sporadómara. HRFÍ gæti í framhaldið fengið erlendan aðila til að bjóða upp á námskeið og útskrifað leiðbeinendur og dómara í spori. Rætt var um samræmingarfund dómara. Útskýrt var fyrir stjórn Vinnuhundadeildar hvernig þau ættu að útvega sér kennitölu. Súsanna ætlar að senda þeim reglur félagsins sem hún var búin að útbúa. Rætt var um verð á vinnuprófum. Samþykkt að hafa sömu verðskrá og gildir almennt fyrir veiðipróf. Samþykkt í framhaldið að gefa stjórn Vinnuhundadeildar svigrúm til að endurskoða dagskrá vinnuprófa m.t.t. nýrrar verðskrár. Allir voru sammála um að ekki sé hægt að skrá hund tvisvar sinnum í sama prófið. Þess er ekki getið í reglunum þar sem það þykir augljóst. Verður nú sett í reglurnar.

Eftirtaldir titlar í hlýðni voru samþykktir:

Hundar með ættbók:

Hlýðni I: OB I – hundur þarf að hafa hlotið þrisvar sinnum 1. einkunn í hlýðni I, hjá minnst tveimur dómurum

Hlýðni II: OB II – Hundur þarf að hafa hlotið þrisvar sinnum 1. einkunn í hlýðni II, hjá minnst tveimur dómurum.

Hlýðni III: OB III – Hundur þarf að hafa hlotið þrisvar sinnum 1. einkunn í hlýðni III, hjá minnst tveimur dómurum.

Hlýðni Elite: OBelite– Hundur þarf að hafa hlotið þrisvar sinnum 1. einkunn í hlýðni Elite hjá minnst tveimur dómurum.

ISObCh: titill sem hægt er að sækja um hafi hundur lokið 1.einkunn í Hlýðni- I, -II, -III og fá 1.einkunn a.m.k þrisvar sinnum í hlýðni Elite.

Sporameistari: ISTRCh – hundur þarf að hafa lokið 1. einkunn í spori I,II og III.

Óskráðir hundar og eineistungar:

Hlýðni I: OT I - hundur þarf að hafa hlotið þrisvar sinnum 1. einkunn í hlýðni 1, hjá minnst tveimur dómurum

Hlýðni II: OT II – Hundur þarf að hafa hlotið þrisvar sinnum 1. einkunn í hlýðni 2, hjá minnst tveimur dómurum.

Hlýðni III: OT III – Hundur þarf að hafa hlotið þrisvar sinnum 1. einkunn í hlýðni 3, hjá minnst tveimur dómurum.

Hlýðni Elite: OTelite – Hundur þarf að hafa hlotið þrisvar sinnum 1. einkunn í hlýðni Elite hjá minnst tveimur dómurum.

ISOBMe: titill sem hægt er að sækja um hafi hundur lokið 1.einkunn í Hlýðni- I, -II, -III og fá 1.einkunn a.m.k þrisvar sinnum í hlýðni Elite.

Sporameistari: ISTRMe - hundur þarf að hafa lokið 1. einkunn í spori I,II og III.

Fundurinn var jákvæður og áhugasamt fólk í stjórn Vinnuhundadeildar. Stjórn HRFÍ vonar að eiga áframhaldandi gott samstarf við stjórn deildarinnar.

Fundurinn var jákvæður og áhugasamt fólk í stjórn Vinnuhundadeildar. Stjórn HRFÍ vonar að eiga áframhaldandi gott samstarf við stjórn deildarinnar.

2. Sólheimakot – Viðhald og kostnaður

A-2548

Rætt um viðhald og kostnað. Tillaga að vera með hússjóð til að standa straum af viðhaldskostnaði. Þeir sem fá húsið lánað þurfa að greiða í hússjóð – kr. 2000 fyrir kvöldið, kr. 4000 fyrir heilan dag og kr. 6000 fyrir heila helgi.

3. Dagur Hvíta stafsins

Til að vekja athygli á degi hvíta stafsins, og fyrir hvað hann stendur, munu Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi og Þjónustu - og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga, standa fyrir dagskrá í húsi Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17 laugardaginn 15. okt, dagskráin hefst kl 13:00.

Jóna og Guðríður fara fyrir hönd félagsins.

4. NKU fundur í Osló 4.-5. október 2011

A-2549

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, heiðruð af sænska hundaræktarfélaginu og veitt gullmerki í barminn. Nils Erik Áhmansson formaður SKK heiðraði Jónu með gullmerki frá sænska hundaræktarfélaginu og þakkaði henni f.h. HRFÍ fyrir frábært samstarf á NKU fundum og óskaði HRFÍ til hamingju með að vera orðinn fullgildur meðlimur FCI. Við óskum Jónu innilega til hamingju með virðingarfyllt sænska hundaræktarfélaginu.

Eftirfarandi NKU fulltrúar mættu:

DKK – Jens Glavind – framkvæmdastjóri
Jörgen Hindse- formaður
FKK – Pekka Ala- Jakkola, framkvæmdastjóri
Kari Järvinen
HRFÍ – Valgerður Júlíusdóttir,
framkvæmdastjóri
Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður

NKK – Espen Engh, framkvæmdastjóri
Siv Sandö formaður
SKK – Ulf Uddman, framkvæmdastjóri
Nils Erik Áhmansson, formaður
Carl Gunnar Stafberg
Annika Klang, ritari

Á fundinum var rætt um áhrif efnahagsbreytinga á starfsemi hundaræktarfélaganna. Samdráttur er á skráningum á sýningar, ættbókarskráningum og sum staðar í félagatali.

Mikið var rætt um að samræma reglur innan NKU landanna eins og búið er að gera með sýningareglurnar. Ekki var samþykkt að samræma reglur varðandi ættbókarskráningu né úrskurði siða- eða aganefnda félaganna. Reglur innan félaganna eru of ólíkar til að hægt sé að samræma þær.

Rætt var um tillögu standard- og vísindanefndar sem lögð var fram á aðalfundinum í París í júlí sl. vegna “Cross between breed varieties” og var samþykkt. Að nefndin vinni að því að að banna að para hunda saman sem m.a. eru af breytilegri stærð, feldgerð og lit. Var rætt um nokkrar hundategundir m.a. portúgalskan Podengo þar er stærðarmunur milli medium og small afbrigða er 10 cm. Á sama fundi óskaði K. Jarvinen eftir að nefndin bætti við þremur tegundum griffonhunda (Petit Brabancon, Griffon Belge, Griffon Bruxellois).

Endurskoðun samræmdra sýningareglna um meistaratitla

Munur og mistúlkun er á milli NKU landanna hvort hundur getur orðið meistari 24 mánaða (2 ára) m.v. fæðingardaginn eða eftir 24 mánaða aldur (2 ára) þ.e. 24 mánaða (2 ára) plús einn dagur. Samræma það þannig að hundur getur ekki orðið meistari á tveggja ára fæðingardegi heldur þegar hundurinn hefur náð 24 mánaða aldri (24 mán (2ára) + 1 dagur).

Við bætum útskýringum við regluna okkar sem verður þá eftirfarandi:

63. Íslenskur meistari (ISCh)

Til að hundur geti orðið íslenskur meistari verður hann að hafa fengið þrjú stig til meistara á þremur sýningum HRFÍ, hjá þremur mismunandi dómurum. Eitt af þeim stigum skal veitt eftir 24 mánaða aldur hundsins (24 mán.+1 dagur). Hundar af vinnuhundakyni, sbr. sérreglur um meistaratitil fyrir vinnuhunda, verða einnig að uppfylla kröfur um árangur í vinnuprófum. Hundur sem hlotið hefur meistaranafnbót hjá hundaræktarfélagi viðurkenndu af HRFÍ (FCI), þarf eitt íslenskt meistarastig á sýningu á vegum HRFÍ, eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+1 dagur), til að geta fengið íslenska meistaranafnbót.

64. Íslenskur sýningameistari (ISShCh)

Hundar af vinnuhundakyni (sbr. sérákvæði fyrir nokkrar tegundir vinnuhunda) geta orðið íslenskir sýningameistarar (ISShCh) eftir að hafa fengið þrjú stig til meistara á þremur sýningum HRFÍ, hjá þremur mismunandi dómurum. Eitt af þeim stigum skal veitt eftir 24 mánaða aldur hundsins (24 mán.+1 dagur).

Hundur sem hlotið hefur sambærilega sýningameistaranafnbót hjá hundaræktarfélagi viðurkenndu af HRFÍ, þarf eitt íslenskt meistarastig á sýningu á vegum HRFÍ, eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+1 dagur), til að geta fengið íslenska sýningameistaranafnbót.

Nýr titill

Samþykkt var að búa til nýjan titil á sýningum fyrir öldunga, Nordisk Veteren Vinner, NVW. Verður hægt að fá þennan titil á Hundamässa sýningunni í Stokkhólmi í desember.

Mynd af NKU þjóðarhundum – FCI 100 ára

Í tilefni af 100 afmæli FCI hefur SKK látið sænskan listmálara teikna mynd af þjóðartegundum NKU landanna. Í vinstra horninu er mynd af íslenska fjárhundinum og fyrir aftan hann er eldgos og aska. Einnig er hægt að nota myndina sem viðurkenningaskjöl eins og þegar þeir fá Norðulandawinner titil. Myndin verður gjöf til FCI og afhent á 100 ára afmælishátíð samtakanna núna í nóvember.

Nýtt skapgerðarmat (BPH) hjá SKK

SKK ætlar að mennta fólk til að geta unnið við matið. Þeir ætla að senda okkur dvd disk þar sem við getum séð hvernig matið er unnið. Nokkrar tegundir voru rannsakaðar sem fóru allar í sama prófið. Hægt er að velja um skot eða ekki. Eftir rannsóknina var unnin skýrsla sem send var til sérfræðinga í Danmörku. Skapgerðarmatið er mjög gott fyrir ræktendur og SKK eru tilbúnir til að aðstoða klúbbana sína ef þeir hafa áhuga á að nota matið. Hægt er að prófa 12 hunda á dag. Í framtíðinni ætlar SKK að láta einkafyrirtæki sjá um framkvæmd prófsins.

Dómararáðstefna

DKK verður með dómararáðstefnu í 21. -22. janúar 2012 og SKK 16.-18. nóvember 2012. Kennt verður á dönsku og sænsku.

Samvinna milli NKU landanna vegna dómaravals á tegundir

Senda út til félagsmanna NKU landanna að NKU hundaræktarfélögin muni hafa að leiðarljósti að dómara dæmi ekki sömu hundategundir á árlegum Nordic winner hundasýningum heldur líði a.m.k. 5 ár á milli. Sýnendur eru óánægðir að fá alltaf sömu dómara á sömu tegundirnar. Umræða um greiðslur til dómara og afboð þeirra á hundasýningar.

Erindi frá Nordic Poodle Club's - v. CACIB reglna

Sótt var um stuðning NKU landanna að Norðurlandapúðlaklúbbarnir fengju að hafa sömu CACIB reglur fyrir allar púðlategundirnar. Norðurlandapúðlaklúbburinn (Noregur, Svíþjóð, Danmörk og Finnland) tekur fram að þegar ákveðið var að veita CACIB fyrir liti í púðlum (Silver, Apricot og Red) var lítið um breytileika í litum hjá toy púðla einnig var fjöldi þeirra og gæði á sýningum lítill í samanburði við hinna og þess vegna fá þeir bara eitt CACIB sem gildir fyrir alla liti hjá toy púðlum. Í dag eru toy púðlar í öllum litum vinsælli en dwarf, min og standard. Nordic Poodle Club' vill fá stuðning NKU landanna til samþykkja að toy geti fengið CACIB eftir litum eins og önnur púðlaafbrigði.

Erindið var ekki samþykkt og vísað í tillögu standard- og vísindanefndar FCI sem fram kom hér ofar. NKU væri þá að samþykkja erindið á skjön við samþykkt aðalfundar FCI þar sem mikill meiri hluti er sammála um að draga úr og dreifa CACIB á milli sömu tegunda. Stefna FCI er að eitt CACIB sé úthlutað fyrir hvort kynið, tík & rakka í sömu tegund.

Doghealth Workshop á vegum SKK

Fyrsta alþjóðlega “workshop” um Enhancement of Genetic Health in Purbred Dogs verður haldið í Svíþjóð 28. maí – 1. júní 2012 og fer fram á ensku. Gott fyrir dómaranema.

Næsti fundur verður haldinn í Danmörku, á flugvelli 20. mars og 26. september í Helsingi.

Það helsta frá hundaræktarfélagunum

SKK hafa útbúið undirsíðu á vefsíðu sinni sem heitir Köpa hund.se með síðunni vildu þeir styða við bakið á ræktendum. Á síðunni geta allir ræktendur auglýst got nema þeir sem hafa verið reknir úr félaginu.

Vefsíðan er mjög vinæl og mikið notuð.

Í Danmörku verða ræktendur að afla sér í fræðslu til að mega vera í hundarækt. Svíar eru líka að herða þennan þátt.

Margir klúbbar innan félaganna vilja herða heilbrigðiskröfur vegna skráningar í ættbók. Það hefur orðið til þess að mikil fækkun er í ættbókarskráningum. DKK ætlar að yfirfara allar heilbrigðiskröfur hundategunda og afnema þær sem ekki teljast mikilvægar. DKK segir að þetta sé orðið of mikil útgjöld fyrir ræktendur og þeir sem græða séu dýralæknar. Áhersla verður lögð á að ræktendur séu ábyrgir fyrir ræktun sinni.

DKK segir að það sé algjört hrund niður á við í ættbókarskráningu eftir að heilsufarskröfum klúbbanna hafa aukist. Þetta er greinilega ekki rétt þróun og því verði að bregðast við. Einnig þarf að skoða starfsemina með tilliti til efnahagskreppu. DKK og SKK ætlar að gera meiri kröfur til klúbba sinna og óska eftir meiri upplýsingum frá þeim þannig að þeir átti sig betur á starfseminni og hvað þarf hugsanlega að lagfæra. Hundaræktarfélagin vilja setja mælikvarða á ræktendur þ.e. hvort þeir séu ábyrgir eða ekki. Gefa þeim nöfn eins og gull- silfur- bronsræktendur þar sem gullræktandi er sá ræktandi sem sýnir mikla ábyrgð í ræktun sinni t.d. varðandi heilsufar.

5. Stefnumótunarteymi – útgáfa bæklinga & kostun, næstu skref og framhald teymisins.

6. Dagatal DÍF

A-2550

Samþykkt

7. Álit Finn Boserup og Susanne Kaarsholm vegna erinda Am. cocker spaniel- og Schnauzerdeildar

A-2551

To the Icelandic Kennel Club.

Comments to the request from the Schnauzer Club.

Giving life- long free certificates were used in Europe in the 80-ties in several breeds, but it was changed in the 90-ties to the rules, that are in use now, because new knowledge and experience showed, that by giving life-long certificates, we missed late-onset serious diseases.

So based on experience and based on what is regarded to be the right way to do these things in the US and Europe, it is NOT in our mind advisable to give life-long certificates in any breed.

Comments to the request from the American Cocker Spaniel Club.

Prolonging the period of validity of the eye certificates from 12 to 19 months would be in contrast to the recommendations given by the genetic boards in the US and Europe.

And accordingly we find it unwise to do so.

Yours sincerely

Susanne Kaarsholm – Finn Boserup

Samkvæmt tilmælum Susanne Kaarsholm og Finn Boserup getur stjórn ekki samþykkt erindi ofangreindra deilda.

Næsti stjórnarfundur miðvikudaginn 26. október kl.16:30.

Fundi slitið,

Sign:

Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðardóttir, Súsanna Antonisdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.